

Góðan dag

Við undirituð viljum beina eftirfarandi spurningum um skólamál til sveitarstjórnar. Ástandið á húsnæði til kennslu Grunnskólans á Hólmavík er í töluverðri upplausn vegna myglu sem upp kom. Þetta voru vissulega ófyrirsjáanlegar aðstæður en nú höfum við foreldrar barna í Grunnskólanum á Hólmavík töluverðar áhyggjur af nánustu framtíð skólahalds. Eftir upplýsingafund sem haldinn var fyrir foreldra og eftir að hafa lesið skýrsluna frá Eflu lítur út fyrir, að okkar mati, að viðgerð núverandi skólahúsnæðis muni taka langan tíma. Við höfum tekið saman nokkrar spurningar sem okkur fannst við ekki fá svör við á upplýsingafundinum.

Við óskum eftir því að þessar spurningar fái formlega umfjöllun og birtingu:

1. Á heimasíðu Strandabyggðar 30. nóvember 2022 kom fram að íbúafundur yrði haldinn á næstunni vegna myglu sem komið hafði upp í grunnskólanum. Hvenær mun umræddur fundur verða haldinn?
2. Hvaða verktakar hafa verið fengnir til að vinna kostnaðarmat á viðgerð grunnskólans, og var það verk boðið út?
3. Í skýrslu Eflu eru lagðar til leiðir A og B. Hvort eru verktakar að vinna kostnaðarmat við leið A eða leið B?
4. Hvað er áætlað að kostnaðarmatsskýrsla frá hverjum og einum verktaka muni kosta?
5. Í skýrslu Eflu kemur fram að mikilvægt sé að nýta tækifærið við úrbætur, og huga að öðrum þáttum eins og aðgengismálum, brunavörnum, lýsingu, hljóðvist, rýmisnotkun og öðrum praktískum atriðum sem snúa að notendum hússins og skólastarfi.
 - a) Hyggst sveitarstjórn leggja í þessar úrbætur samhliða viðgerð, verði niðurstaðan sú að gert verði við Grunnskólann?
 - b) Hver er áætlaður kostnaður við hönnun þessara úrbóta til að hægt sé í framhaldinu að kostnaðarmeta framkvæmdirnar?
 - c) Ef svar við lið a) er já, verður þá leitað til sömu verktaka og þeir fengnir til að endurvinna kostnaðarmat sitt?
6. Verður unnin kostnaðaráætlun fyrir byggingu nýs skólahúsnæðis á meðan beðið er eftir niðurstöðum kostnaðarmats á viðgerð núverandi húsnæðis?

7. Verður unnin kostnaðaráætlun fyrir viðbyggingu á núverandi húsnæði sveitarfélagsins t.d íþróttahúss eða félagsheimilis sem gæti hýst skóla á meðan beðið er eftir niðurstöðum kostnaðarmats á viðgerð núverandi húsnæðis?
8. Er það stefna sveitastjórnar að skólahald verði áfram með þeim hætti sem nú er þ.e.a.s á þremur mismunandi stöðum, á meðan ákvarðanir eru teknar og á meðan á framkvæmdatíma stendur?
9. Hefur sveitastjórn íhugað að koma upp færarlegum skólastofum til að hýsa kennslu á meðan unnið er að varanlegri lausn húsnæðismála?
10. Hvenær er áætlað að öll gögn verði komin á borðið þannig að hægt sé að taka upplýsta ákvörðum um endur/við/nýbyggingu skóla á Hólmavík?
11. Hvenær er áætlað að nemendur fái aðgengi að öruggri skólalóð til útivistar?
Núna er yngsta stig t.a.m alltaf inni á þeim tíma sem frímínútur ættu að vera, vegna aðstöðuleysis til útivistar.
12. Hefur verið athugað hvað ný skólabygging nær Íþróttahúsinu myndi spara sveitarfélaginu í akstri skólabíla og sparnaði í tíma við fylgd nemenda milli staða?
13. Hvenær er áætlað að nemendur flytji inn í framtíðarskólahúsnæði?

Við undirrituð teljum núverandi skólabyggingar barn síns tíma og að sveitastjórn ætti að íhuga alvarlega þann kost að byggja nýtt húsnæði í meiri nálægð við íþróttamiðstöð og félagsheimili. Til að mynda teljum við að eitt það fyrsta sem fjölskyldufólk skoðar við val á búsetu, sé aðstaða í Grunn- og leikskóla staðarins. Eins og ástandið er núna (litið til grunnskóla og leikskólalóðar) teljum við Hólmavík ekki ákjósanlegan kost í samanburði við sum önnur sveitarfélög af sambærilegri stærð. Auk þess uppfyllir núverandi fyrirkomulag og aðstæður sem börnunum eru búnar, ekki kröfur sem settar eru fram í lögum um grunnskóla.

Við viljum koma á framfæri miklum þökkum og hrósi til starfsfólks Grunnskólans og barnanna okkar sem hafa gert það besta úr þessum aðstæðum.

Með ósk um greinargóð og skýr svör:

Kveðja

Björk Ingvarsdóttir, Pétur Matthíasson
Elísa Mjöll Sigurðardóttir, Börkur Vilhjálmsson
Guðfinna Lára Hávarðardóttir, Ágúst Helgi Sigurðsson
Heiðrún Helga Hjörleifsdóttir, Ingólfur Árni Haraldsson
Hjördís Inga Hjörleifsdóttir, Jón Þór Gunnarsson
Kristín Anna Oddsdóttir Olsen, Andri Hrafn Ásgeirsson